




Sjávarflóð á Íslandi

Guðrún Elín Jóhannsdóttir

Sjávarflóð á Íslandi

Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða

Skýrsla nr. VÍ 2017-008	Dags. Ágúst 2017	ISSN 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Sjávarflóð á Íslandi		Upplag: 10 Fjöldi síðna: 53	
Höfundar: Guðrún Elín Jóhannsdóttir		Framkvæmdastjóri sviðs: Jórunn Harðardóttir	
Gerð skýrslu/verkstig:		Verkefnisstjóri: Halldór Björnsson	
		Verknúmer: 4761-0-0003	
		Málsnúmer: 2015-156	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Kannað var hvaða samantektir yfir sjávarflóð lægju fyrir, byggt var á þeim og bætt við öðrum flóðum sem heimildir fundust um. Fjallað er um takmarkanir og mynstur í fyrirbyggjandi gögnum. Miðað er við að sjávarflóð hafi orðið þegar sjór hefur gengið á land fremur en flóðahæð eða að tjón orðið. Heimildir eru ekki alltaf ítarlegar hvað varðar flóð og reynt var að taka tillit til þessa með því að gefa flóðunum "vafastuðul" frá einum upp í fjóra út frá þeim upplýsingum sem fundust um flóðin hvert um sig. Ef upplýsingar voru mjög traustar og flóðinu líklega rétt lýst fékk það stuðulinn einn en hærri gildi eftir því sem vafi jókst.			
Lykilorð: Sjávarflóð, sjávarstaða, sjávarmál, sjávarföll, sjávarris, sjóvarnir, flóðahæð, öldugangur		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra: 	
		Yfirfarið af: SG, Trausti Jónsson	

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	7
2 Sjávarflóð	7
3 Takmörkun gagna	8
4 Mynstur í gögnunum	9
Heimildir	12
Viðauki I. Verkferlið og uppbygging flóðalistans.....	15
Viðauki II. Flóðalisti	18

1 Inngangur

Þegar skipuleggja skal svæði við sjávarsíðuna, hvort sem það er undir byggð eða annars konar landnýtingu, þarf að taka tillit til sjávarflóða til þess að draga úr líknunum á að illa fari. Sú þörf hefur sjaldan verið jafn aðkallandi og nú þegar hækkun sjávarmáls virðist í sjónmáli (Church o.fl., 2013). Tekist hefur að draga úr ýmiss konar tjóni, s.s. usla í höfnum, með bættum sjóvörnum, en líklegt er að álag á slíkar varnir aukist og þeim þurfi að beita víðar.

Til þess að læra megi af sögu sjávarflóða hér við land var ráðist í það verkefni að lista upp sem flest þekkt sjávarflóð til þess að fá bætta yfirsýn yfir þau. Gerðir hafa verið nokkrir sjávarflóðalistar á undanförunum áratugum sem sumir byggja að hluta til hver á öðrum en eru að öðru leyti sjálfstæðir. Samantektir á sjávarflóðum hefur því hingað til verið að finna í ýmsum skýrslum en hvergi var að finna samsettan lista sem innihélt öll þau sjávarflóð sem skráð hafa verið. Reynt var að bæta úr því með þessu verkefni en vitanlega er listinn ekki tæmandi. Eflaust eru til upplýsingar um sjávarflóð sem ekki eru listuð upp hér. Kannað var hvaða samantektir yfir sjávarflóð lögju fyrir, byggt var á þeim og við þær bætt öðrum flóðum sem fundust heimildir um. Stutta útgáfu sjávarflóðalistans ásamt upplýsingum um það hvernig hann var unninn er að finna í viðauka. Listann má finna í heild sinni í fylgiskjali sem fylgir skýrslunni.

Listinn nær yfir 289 flóð frá 1191 til 2015. Flóðunum var gefinn vafastuðull frá einum upp í fjóra út frá þeim upplýsingum sem fundust um hvert fyrir sig. Þau flóð þar sem mestur vafi lék á að flætt hafi upp á land fengu vafastuðulinn fjóra, en þau sem traustastar upplýsingar voru um fengu stuðulinn einn (sjá nánar í viðauka). Í næstu köflum verður stuttlega rætt um sjávarflóð og gögnin sem listinn byggir á, auk einfaldrar greiningar á gögnunum.

2 Sjávarflóð

Erfitt er að nálgast skilgreiningu á sjávarflóðum sem slíkum. Það liggur þó í hlutarins eðli að sjávarflóð eiga sér stað þegar sjór gengur á land, umfram það sem eðlilegt má teljast. Þegar talað er um sjávarflóð er það iðulega í sambandi við það hversu miklu tjóni þau valda. Það er þó þeim vandkvæðum háð að sums staðar getur orðið flóð án þess að það valdi nokkru tjóni. Hæð flóðs væri ef til vill heppilegasti mælikvarðinn á stærð flóðs, en gögnin sem hér byggir á eru ekki nægilega ítarleg til þess að hægt sé að leggja mat á flóðahæð. Því var kosið að miða listann einfaldlega við þau skipti sem sjór hefur gengið á land. Jafnvel með þessari einföldu skilgreiningu voru gögnin það takmörkuð að oft var erfitt að átta sig á hvort um flóð samkvæmt henni væri raunverulega að ræða.

Flóð verða gjarnan þegar saman fer áhlaðandi og háflæði. Sjávarföllin ráðast af afstöðu jarðar til tungls og sólar og flæðis sjávarfallabylgju um landið. Á sjávarstöðuna á tilteknum stað hafa einnig aðrir þættir áhrif, þá helst loftþrýstingur, vindur og öldugangur, en hiti og selta sjávar og aðstæður á landgrunni og ströndinni hafa einnig áhrif. Þeir veðurþættir sem mest áhrif hafa á sjávarstöðu eru vindur og loftþrýstingur. Öldugangur ræðst einnig af þessum þáttum. Sjórinn rís þar sem loftþrýstingur lækkar og vindur getur þrýst sjó að landi þannig að hann hleðst upp þannig að yfirborðið hækkar. Þessir þættir eru innbyrðis háðir, en vindur

vex með auknum loftþrýstingsmun á milli svæða. Þannig verður hér mestur vindur þegar djúpar, krappar og hraðfara lögðir fara yfir. Aukið sjávarris af veðurfarsástæðum verður því yfirleitt af völdum samspils þessara þátta. Þegar sama vindátt hefur lengi verið ríkjandi getur byggst upp nokkuð mikil undiralda sem bætir enn frekar í flóðin þegar þau verða (Sjá t.d. Pugh og Woodworth, 2014). Hér á landi á þetta einkum við í suðvestanátt. Vindátt er því gjarnan ráðandi þáttur í því hvar sjávarflóð verða.

3 Takmörkun gagna

Listi af þessu tagi getur aldrei verið tæmandi, enda ljóst að ekki hafa varðveist heimildir um alla atburði, þá síst þá elstu. Að auki er mikilvægt er að átta sig á því að vel geta hafa orðið flóð fjarri mannabyggð sem enginn tók eftir. Eins getur það reynst þrautin þyngri að finna upplýsingar um nýleg flóð, en ekki virðist vera haldið skipulega utan um upplýsingar um þau. Þannig getur upplýsingar um nýlega atburði einungis verið að finna á víð og dreif á fréttamiðum og því getur verið erfitt að öðlast yfirsýn yfir þá. Af þessum sökum má teljast líklegt að þónokkra atburði vanti í töfluna.


Eitt markmiða verkefnisins sem sett voru í upphafi var að flokka sjávarflóðin eftir stærð. Þannig yrði síðan hægt að vinna með endurkomutíma ólíkra flóða o.s.frv. Eftir að hafa safnað gögnunum og kafað dýpra í verkefnið varð niðurstaðan sú að mjög erfitt yrði að flokka atburðina niður eftir stærð og að það gæti hreinlega verið óábyrgt. Þær upplýsingar sem til eru um sum flóðanna, þá sérstaklega þau elstu eru engan veginn fullnægjandi til þess að hægt sé að átta sig á umfangi atburðanna og stærðarflokkun á þeim yrði þá í raun frekar getgátur en byggð á nokkru haldbæru. Hægt væri að halda fram að einungis stærri atburðir væru skráðir og að þeir minni væru ekki nægilega merkilegir til þess að taka dýrmætt pláss á skinum eða pappír. Aftur á móti er líklegt að annálaritarar hafi skráð þá atburði sem þeir hafa haft veður af og þannig sleppt öðrum sem ekki bárust fregnir af sökum fjarlægðar eða annars, óháð stærð atburða. Þannig er líklegt að merkilegir atburðir hafi jafnvel hvergi verið skráðir. Þess utan má ekki gleyma þeim atburðum sem skráðar hafa verið heimildir um en þær glatast.

Stærð atburða er einnig afstæð. Velja þarf hvort að flokka skuli eftir meðalsjávarstöðu, ölduhæð, tjóni eða öðru. Erfitt er að nota sjávarstöðu eða ölduhæð sem mælikvarða þar sem engar mælingar voru gerðar á því á öldum áður. Tjón er heldur ekki góður mælikvarði þar sem sjóvarnir verða stöðugt betri og því þarf nú meira til að valda usla en áður. Þannig geta sögur af miklum flóðum sem ollu gífurlegu tjóni mögulega lýst atburði sem hefði litlum eða engum usla valdið með nútíma sjóvörnum. Sambærileg flóð á ólíkum tímum væru því flokkuð sem misstór út frá þeim upplýsingum sem bjóðast. Sennilega gæfi besta raun að flokka atburðina eftir sjávarstöðu með því að finna upplýsingar um það hvert flæddi í eldri atburðum og nýta sér síðan líkön til þess að reikna út líklega sjávarstöðu. Það er þó þeim vandkvæðum háð að þær upplýsingar eru oft ekki til. Eins væri það gífurleg vinna sem ekki gafst tími til að ráðast í að sinni.


4 Mynstur í gögnunum

Þrátt fyrir takmarkanir gagnanna má sjá ýmislegt út úr þeim. Taflan inniheldur upplýsingar um 290 flóð. Mynd 1 sýnir að í flestum tilfellum, eða um 79% þeirra, er mjög líklegt eða öruggt að flætt hafi upp á land. Ekki virðist vera mikill munur á því hlutfalli með tíma. Þó eru greinileg skil um aldamótin 1600, en fyrir þau er algengasti vafastuðullinn 3. Þeim tilfellum er talið var að mögulega hafi flætt á land var gefinn sá stuðull. Einungis eru skráð 17 flóð fyrir 1600. Mynd 2 sýnir óvissu í dagsetningum flóða. Dagsetningin er nákvæm upp á dag í 71% tilfella. Ártalið er einungis óvíst í tveimur tilfellum, en gjarnan er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið varð. Þó er yfirleitt vitað á hvaða árstíma flæddi, en í einungis um 10% tilfella er óvissan meiri en mánuður. Þegar einungis eru tekin fyrir flóð á 20. og 21. öld kemur í ljós að í 85% tilfella er dagsetningin vituð upp á dag og óvissan er aldrei meiri en mánuður. Ef aðeins eru skoðuð eldri flóð er dagsetningin einungis þekkt upp á dag í um 55% tilfella.


Þegar taflan er skoðuð virðist sem tíðni flóða aukist með tíma, eins og sjá má á mynd 3. Svo virðist vera að flest sjávarflóð hafi orðið á síðari hluta 20. aldar. Skýringin á því er sennilega einfaldlega sú að fleiri heimildir eru til um nýrri flóð. Greinilega árstíðasveiflu má sjá í gögnunum (mynd 4), en sjávarflóð eru algengust á veturna og sjaldgæf á sumrin. Sjávarflóð eru algengust þegar saman fara há sjávarstaða, lágur loftþrýstingur og vindur. Djúpra lægða er frekar að vænta á veturna en sumrin á Íslandi og árstíðasveiflan í sjávarflóðum er greinileg eftir því.




Mynd 1. Vafi á flóðum.



Mynd 2. Óvissa í dagsetningum flóðanna.



Mynd 3. Fjöldi flóða sem skráður er í töfluna á 50 ára tímabilum.



Mynd 4. Fjöldi flóða eftir mánuðum.


Sjávarflóð eru algengari á Suður- og Vesturlandi en Norður- og Austurlandi. Mynd 5 sýnir skiptingu landsins í spásvæði. Sjávarflóð eru algengust á spásvæði 2 (mynd 6), en í flóðunum 289 flæddi 118 sinnum, eða í um 41% tilfella, upp á land einhvers staðar á því svæði. Næst algengust eru flóð á spásvæði 1, þar gekk sjór 88 sinnum á land, eða í um 30% tilfella. Áberandi færri flóð eru skráð á spásvæðum 7, 8, og 9 en annars staðar. Ekki er víst að í raun séu flóð á Suðausturlandi svona miklu færri en annars staðar þar sem strandbyggð á þessu svæði er lítil. Almennt er umferð um ströndina á söndunum lítil sem engin og því líkur á að flóð verði þar án þess að nokkur verði var við þau.

Þegar tekin eru saman þau tilfelli sem flætt hefur upp á land á spásvæðum eitt til fjögur og níu annars vegar og fimm til átta hins vegar kemur munurinn á landsvæðunum skýrt fram. Flætt hefur á Suður- og/eða Vesturlandi 208 sinnum, eða í 72% tilfella og 91 sinni, eða í um 31% tilfella, á Norður- og/eða Austurlandi. Þar af flæddi 75 sinnum á Norðurlandi. Athygli vekur að þegar skoðuð er lýsing flóðanna sem orðið hafa á Norðurlandi virðist brim koma oft við sögu. Öll flóð sem urðu fyrir 1600 og hafa nokkurn veginn þekktu staðsetningu eru skráð á Suður- og Vesturlandi.


Á mynd 7 má sjá greinilega árstíðsveiflu flóða á Suður- og Vesturlandi, líkt og þá sem einkennir landið í heild. Mynd 8 sýnir Norður- og Austurland og þar er mynstrið ekki eins skýrt. Þó má sjá að sjávarflóð eru algengari á veturna þar en sumrin, flóða er helst að vænta í október til desember. Þar sem flóðin eru þetta fá á þessu svæði er mögulegt að myndin sé ekki marktæk og að sama mynstur sæist og á Suður- og Vesturlandi ef skoðuð væru nægilega mörg flóð fyrir svæðið. Þó getur það líka verið að myndin gefi einhverja mynd af raunverulegum aðstæðum á svæðinu, enda aðstæður að mörgu leyti töluvert frábrugðnar þeim á Suður- og Vesturlandi.

Á Austurlandi eru sjávarflóð sjaldgæfari en annars staðar. Það kemur fram í gögnunum, en á spásvæðum 7 og 8 eru einungis skráð 21 flóð samanlagt. Það eru um 7% flóðanna. Páll Imsland og Þorleifur Einarsson (1991) komust að þeirri niðurstöðu að sjávarflóð væru algengari á


Suðvesturlandi en ætla mætti þegar veðurfarsaðstæður hafa verið teknar með í reikninginn. Þeir telja að skýringu megi finna í strandjarðfræði svæðisins og að þeim þætti sé oft og tíðum ekki veittur nægilegur gaumur. Vitað er að aðstæður á landgrunni og strönd hafa áhrif á sjávarstöðu. Þær aðstæður eru, líkt og veðurfarsaðstæður, gerólíkar á Suðvesturlandi og Austfjörðum og því liggur ástæða þessa munar á sjávarflóðum landshlutanna sennilega í samblöndu þeirra þátta. Þetta atriði væri vert að rannsaka og þá sérstaklega hversu stóran þátt landfræðilegar aðstæður spila við myndun sjávarflóða, mögulega er hann stærri en menn hafa áður gert sér grein fyrir.




Mynd 5. Skipting Íslands í spásvæði.



Mynd 6. Tíðni sjávarflóða á hverju spásvæði fyrir sig.



Mynd 7. Fjöldi flóða á Suður- og Vesturlandi eftir mánuðum.



Mynd 8. Fjöldi flóða á Norður- og Austurlandi eftir mánuðum.

Heimildir

Annálar 1400–1800 1-6 (1922-1987), Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Aurskriða mikil (1906, 29. júní). *Austri*, bls. 85. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9895964.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Árni Helgason (ritstj.) (1836). Framhald af sendibréfi Borgfirðingsins. *Sunnanpósturinn*, 2(12), 185-190. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=62&lang=is

Biðröð á Akureyri (1959, 10. nóvember). *Tíminn*, bls. 2. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/11172363.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Bjarnason (1941). *Brandsstaða annáll: Húnavatnshing I*. Reykjavík: Sögufélagið Húnavetningur og Húnavetningafélagið í Reykjavík.

Björn Jónsson (ritstj.) (1869). Frjettir innlendar. *Norðanfari*, 8(41-42), 83. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9910305.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Jónsson (ritstj.) (1877). Frjettir innlendar. *Norðanfari*, 16(9-10), 20. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9913589.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Jónsson (ritstj.) (1877). Frjettir. *Norðanfari*, 16(11-12), 24. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9913603.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Jónsson (ritstj.) (1877). Frjettir innlendar. *Norðanfari*, 16(17-18), 36. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9913645.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Jónsson (ritstj.) (1877). Úr brjefi að sunnan 24. marz 1877. *Norðanfari*, 16(27-28), 56. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9913715.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Jónsson (ritstj.) (1877). Úr brjefi úr Mjóafirði dagsett 23. nóv, 1877. *Norðanfari*, 16(79-80), 160. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/9914093.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Björn Magnússon Ólsen, Eiríkur Jónsson, Jón Sigurðsson, Kristján Jónsson og Sigurður L. Jónsson (ritstj.) (1875). Bréf til Bjarna Pálssonar landlæknis, skrifað frá Sauðlauksdal 1. desember 1763. *Andvari*, 2, 135-142. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=346&lang=is

Björn Magnússon Ólsen, Eiríkur Jónsson, Jón Sigurðsson, Kristján Jónsson og Sigurður L. Jónsson (ritstj.) (1875). Nokkur bréf Eggerts Ólafssonar 1760-1767. *Andvari*, 1, 172-193. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=346&lang=is

Bæjaryfirvöld hafa lofað flóðavörnum í fimmtán ár (1995, 9. nóvember). Helgarpósturinn, bls. 6. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/8192575.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Church, J.A., P.U. Clark, A. Cazenave, J.M. Gregory, S. Jevrejeva, A. Levermann, M.A. Merrifield, G.A. Milne, R.S. Nerem, P.D. Nunn, A.J. Payne, W.T. Pfeffer, D. Stammer and A.S. Unnikrishnan (2013): Sea Level Change. In: Climate Change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change [Stocker, T.F., D. Qin, G.-K. Plattner, M. Tignor, S.K. Allen, J. Boschung, A. Nauels, Y. Xia, V. Bex and P.M. Midgley (eds.)]. Cambridge University Press, Cambridge, United Kingdom and New York, NY, USA.

Enn meiri flóðhæð í Reykjavík (1996, 23. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 64. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/18221268.pdf#navpanes=1&view=FitH>

- Finnur Sigmundsson (1946). *Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Fjarhitun HF (1990). *Flóðaveðrið 9. jan. 1990 og sjóvarnir á svæðum sem fyrir því urðu*. Reykjavík: Hafnamálastofnun Ríkisins.
- Flóð í Vík í Mýrdal (1997, 31. desember). *Morgunblaðið*, bls. 68. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/18492538.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Flóðalda veldur skemmdum á Suðureyri (1946, 8. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 8. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/13018338.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Flóðbylgja hvolfir flotbryggju í höfninni á Suðureyri (1992, 17. desember). *Morgunblaðið*, bls. 34-35. Skoðað 25. júlí 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=125243&pageId=1777044&lang=is&q=snj%F3f1%F3%F0
- Frá heiðum til hafs (1906, 29. júní). *Dagfari*, bls. 73-74. Skoðað 25. júlí 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=166985&pageId=2261435&lang=is&q=f1%F3%F
- Guðmundur Hafsteinsson (1984). *Athugun á veðrum, er valdið hafa flóðum á Eyrarbakka og Stokkseyri*. Reykjavík: Hafnamálastofnun Ríkisins.
- Guðrún Þorbjarnardóttir (1998). *Uppskrift á opinberum skýrslum varðandi sjávarflóðið 3. febrúar 1779*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- Halldór Ólafsson (ritstj.) (1946). Snjóflóð í Súgandafirði. *Baldur*, 12(6), 4. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/29320587.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Handrit Landsbókasafn Íslands, Handritadeild. ÍB 4 8vo Sveinn Pálsson Almanök (með minnisgreinum) (1779–1787)
- Hugrekki mót ótta og öryggisleysi (1995, 29. október). *Morgunblaðið*, bls. 12-13. Skoðað 25. júlí 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=127878&pageId=1840401&lang=is&q=S%FAgandafir%F0i
- Hættuástand og bíðum bara eftir næsta flóði (1995, 27. október). *Morgunblaðið*, bls. 12. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/18195487.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Jón Espólín (1821-1855). *Íslands árbækur í sögu-formi* 1-12. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag. Skoðað 26. júní 2017 á <https://archive.org/search.php?query=creator%3A%22J%C3%B3n+Esp%C3%B3l%C3%ADn%22>
- Jón Helgason (1942). *Árbækur Reykjavíkur 1786-1936*. Reykjavík: Leiftur
- Jón Helgason (1986). Bréf / Bjarni Thorarensen. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Thorarensen (1929-1961). *Rauðskinna*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Jónas Elíasson og Sveinn Valdimarsson (1993). *Flóðhæðir í Reykjavíkurhöfn*. Reykjavík: Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Lýður Björnsson (2006). Básendaflóðið 1799. *Vefnir*, 6. Skoðað 10. júní 2017 á <http://vefnir.is/grein.php?id=696>
- Magnús Magnússon (ritstj.) (2013). Myndatexti. *Skessuhorn*, 16(1), 15. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/33916431.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Magnús Magnússon (ritstj.) (2014). Hrikalegt brim og flóð við utanvert Snæfellsnes. *Skessuhorn*, 17(51), 32. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/34055972.pdf#navpanes=1&view=FitH>

- Magnús Stephensen (1796). Ísland. *Minnisverð tíðindi*, 1(1), 158. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1219&lang=is
- Magnús Stephensen (1797). Ísland. *Minnisverð tíðindi*, 1(2), 249. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1219&lang=is
- Mikil sjávarhæð á stórstreymi í vetur (1995, 28. október). *Dagur*, bls. 2. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/19297849.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Milljónatjón og fjárskaðar í óveðrinu (1959, 12. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 1-2. Skoðað 25. júlí 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=111092&pageId=1325122&lang=is&q=sj%E1var
- Ólafur Sivertsen, Jón Þ. Thoroddsen, Brynjúlfur Benedictsen og Eiríkur Kúld (ritstj.) (1855). Árferð á vesturlandi. *Gestur vestfirðingur*, 5, 1-5. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=135376
- Óveður norðanlands (1927, 30. ágúst). *Morgunblaðið*, bls.3. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/11871426.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Páll Imsland og Þorleifur Einarsson (1991). *Sjávarflóð á Eyrarbakka og Stokkseyri: Um tíðni þeirra og orsakir og rannsóknir á strandjarðfræði hérlendis*. Reykjavík: Raunvísindastofnun Háskólans.
- Páll Ketilsson (ritstj.) (1996). Bryggjur í Grindavík fóru í kaf að hluta. *Víkurfréttir*, 17(39), 10. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/36973763.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Páll Ketilsson (ritstj.) (2000). Flutningaskipi bjargað í höfninni. *Víkurfréttir*, 21(8), 2. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/37008998.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Pugh, D og Woodworth, P. (2014). *Sea level science: understanding tides, surges, tsunamis and mean sea-level changes*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sigurður Gunnarsson (2001). Sjávarflóðið 1934. Í Guðni Halldórsson (ritstj.), *Árbók Þingeyinga* (bls. 63-68). Húsavík: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Snjóflóð gerir usla (1946, 7. febrúar). *Vísir*, bls. 3. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/14556967.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Snjóflóð í Siglufirði (1919, 13. apríl). *Vísir*, bls. 2. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/14391246.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Sophus A. Blöndal (ritstj.) (1919). Ógurlegt snjóflóð. *Fram*, 3(15), 58. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/10072247.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Stéphán Stephensen (1799). Ísland. *Minnisverð tíðindi*, 2(2), 104-118. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1219&lang=is
- Storm, G. (ritstj.) (1888). *Islandske Annaler indtil 1578*. Christiania: Grøndal & Søns Bogtrykkeri. Skoðað 25. júní 2017 á <http://da2.uib.no/cgi-win/WebBok.exe?slag=lesbok&bokid=island1>
- Sæstrengur slitnaði og sjór gekk á land (1992, 16. desember). *Morgunblaðið*, bls. 23. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/17942418.pdf#navpanes=1&view=FitH>
- Th. Jónassen (ritstj.) (1848). Árferð og fréttir. *Reykjavíkurbósturinn*, 3(3), 42. Skoðað 26. júní 2017 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=69&lang=is
- Vonskuveður og snjóflóðahætta (2013, 20. desember). *Morgunblaðið*, bls. 2. Skoðað 25. júlí 2017 á <http://timarit.is/files/29739163.pdf#navpanes=1&view=FitH>

Viðauki I. Verkferlið og uppbygging flóðalistans

Eftir að hafa lesið nokkrar skýrslur um efnið og skoðað flóðaannála var hafist handa við að setja saman lista yfir öll flóð sem fundust upplýsingar um. Trausti Jónsson (2011) hefur unnið að því undanfarin ár að safna saman upplýsingum um veðuratburði. Gagnagrunnur hans hefur ógrynni upplýsinga að geyma, m.a. um sjávarflóð og byggja margar færslur í listanum á atburðaskrá hans. Færslur um eldri flóð byggja einnig flestar á heimildum frá Trausta, en hann hefur ásamt Sigurði Þór Guðjónssyni skrifað upp veðurtengda atburði er lýst er í fornum annálum. Eins hefur hann skrifað upp bréf og aðrar heimildir með fregnum af veðurtengdum atburðum frá átjándu öld til upphafs þeirrar tuttugustu. Í þessum skjölum er að finna lýsingar á sjávarflóðum. Flestar færslur um elstu flóðin byggja á uppskriftum Trausta af þeim og Sigurðar og Trausta af annálabrotunum. Þessi skjöl auðvelduðu mjög vinnslu verkefnisins. Að auki las Trausti verkefnið yfir og kom með fróðlegar og gagnlegar ábendingar. Kann ég honum bestu þakkar fyrir alla hjálpinu. Listinn byggir einnig að töluverðu leyti á flóðaannálum annarra, Páls Imsland og Þorleifs Einarssonar (1991), Fjarhitunar (1990), Jónasar Elíassonar og Sveins Valdimarssonar (1993) og skýrslu Guðmundar Hafsteinssonar (1984). Að auki var byggt á persónulegum heimildum frá Birni Erlingssyni og skjali með flóðaupplýsingum frá Viðlagatryggingu.

Taflan inniheldur upplýsingar um 289 flóð. Flóðunum var gefinn vafastuðull frá einum upp í fjóra út frá þeim upplýsingum sem fundust um hvert fyrir sig. Einn merkti þá að ekki væri vafi á að flætt hafi upp á land. Þegar upplýsingar gáfu það sterklega til kynna að flætt hafi upp á land eða aðstæður voru þannig að mjög líklega hefur flætt á land fengu flóðin vafastuðulinn tvo. Þrír merkir að mögulega hafi flætt upp á land. Þau flóð sem hafa vafastuðulinn fjóra hafa flest verið skráð í aðra annála en út frá þeim upplýsingum sem fundust er talið að sennilega hafi ekki flætt á land, í það minnsta bendir ekkert sérstaklega til þess.

Tímasetningar flóðanna voru skráðar með eins mikilli nákvæmni og heimildirnar buðu upp á. Þeim var síðan gefinn óvissustuðull sem gefur þekktu nákvæmni tímasetningarinnar til kynna. Tafla 1 skýrir merkingu óvissustuðlanna. Staðsetning flóðanna var skráð bæði í sérstakan textadálk og flokkuð eftir spásvæðum landsins. Landinu var skipt upp á sama hátt og gert er fyrir veðurspár og merkt við hvort að flætt hafi á land á fyrstu níu spásvæðunum (spásvæði 10 er miðhálandið og því ekki ástæða til þess að hafa það með).

Hverri færslu fylgir lýsing á flóðinu í tveimur dálkum. Annar inniheldur stutta lýsingu á flóðinu og/eða afleiðingum þess, hinn inniheldur lengri lýsingu. Sú er tekin beint upp úr þeim heimildum sem unnið er með hverju sinni, einna helst til þess að vera sem næst frumheimildunum um elstu flóðin sem stundum liggur ekki í augum uppi hvernig beri að túlka. Þetta var einnig gert fyrir yngri flóð til þess að gæta samræmis.

Sum flóðanna hafa hlotið heiti sem stundum er vísað til. Þau heiti sem höfundur fann eru tiltekin í dálkinum „þekkt sem“. Í töflunni eru einnig dálkar sem tilgreina í hvaða sjávarflóðaannálum flóðanna er getið og hverjar frumheimildirnar fyrir atburðinum eru. Sá dálkur er helst notaður fyrir elstu flóðin, þau sem getið er í fornum annálum, enda gjarnan mikið til af fréttum og öðru um yngri flóð. Að auki hefur taflan að geyma athugasemdadálka, dálka með tenglum á fréttir af atburðum og dálk þar sem merkt er við hvort að höfundur hafi

fundið upplýsingar í frumheimild eða ekki. Flóðalistann má finna í heild sinni í fylgiskjali sem fylgir skýrslunni. Hann er ítarlegri en taflan sem er hér aftast í viðaukanum.

Þar sem erfitt er að koma öllum þessum upplýsingum í töflu á A4 formi eru hér aftan við aðeins birtir dálkarnir sem sýna dagsetningu, athugasemdir með þeim og óvissu, vafa flóða og staðsetningu þeirra, stutta lýsingu, heiti flóðanna, athugasemdir, í hvaða fyrri samantektum flóðanna er getið og í hvaða frumheimild finna má upplýsingar um flóðin. Tafla 2 skýrir hvaða upplýsingar hver dálkur hefur að geyma og tafla 3 skýrir styttingar á heimildum sem notaðar eru í töflunni.

Tafla 1. Flokkunarlykill óvissustuðla dagsetninga.

Óvissustuðull	Óvissa dagsetningar
0	Nákvæm dagsetning
1	Einn dagur
2	Tveir dagar
3	Fjórir dagar
4	Ein vika
5	Tvær vikur
6	Einn mánuður
7	Tveir mánuðir
8	Fjórir mánuðir
9	Ár
a	Meira en ár

Tafla 2. Skýringar á dálkum töflunnar.

Dálkur	Skýring
D	Dagur mánaðar
M	Mánuður árs
Á	Ár
Aths dags.	Athugasemd með dagsetningu
Óvissa dags.	Óvissustuðull dagsetningar
Vafi	Vafastuðull flóða.
Spásvæði	Spásvæði sem flæddi á
Staðs.	Staðsetning
Stutt lýsing	Stutt lýsing á flóði / afleiðingum þess
Þekkt sem	Heiti flóða
Athugasemd	Athugasemd við skráningu
Getið í öðrum annálum	Þær sjávarflóðasamantektir sem tiltaka flóðið
Frumheimild	Þeir fornu annálar sem eru heimildir um flóðin

Tafla 3. Skýringar á styttingum í töflunni.

Stytting	Heimild
BE	Björn Erlingsson, munnl. heimild, minnisblað, ágúst 2016.
F	Fjarhitun HF, 1990.
GH	Guðmundur Hafsteinsson, 1984.
GÐ	Guðrún Þorbjarnardóttir, 1998.
JE & SV	Jónas Elíasson og Sveinn Valdimarsson, 1993.
PI & ÞE	Páll Imsland og Þorleifur Einarsson, 1991.
TJ	Trausti Jónsson, munnl. heimild, gagnagrunnur Veðurstofu Íslands, 2011. Atburðaskrá.
V	Viðlagatrygging, munnl. heimild, tölvupóstur, 3. júlí 2017.

Viðauki II. Flóðalisti

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Þekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
		1191		9	4			„Vatnavöxtur“		Segir ekkert meira en vatnavöxtur. Því er óljóst hvort um sjávar- eða árflóð er að ræða, sennilega er þetta orð frekar notað um árflóð.		Resensannáll, Konungsannáll o.fl.
		1199		9	2			„Flóð hið mikla“	Flóð hið mikla	Heimildin segir ekkert meira en flóð hið mikla. Þ.a.l. er erfitt að segja til um hvort að um sjávar- eða árflóð er að ræða. PI & ÞE flokka þetta sem sjávarflóð.	PI & ÞE	Konungsannáll
		1231		9	3	2	Hvaleyri	Sjávargangur. Landbrot, húsabrot.		Atburðurinn er flokkaður sem flóð í annál PI & ÞE. Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Í Annálar 1400-1800 er þess getið að fyrir þessu finnst engar heimildir.	PI & ÞE	Setbergsannáll
		1234		9	1			„Flóð hið mikla. Skipabrot“	Flóð hið mikla	Hér er talað um flóð hið mikla og skipabrot. Því hlýtur að vera um sjávarflóð að ræða.	PI & ÞE	Konungsannáll - Annales Islandorum regii
		1287		9	3	2	Breiðafjörður	„Skipa brot um Breiðafjörð og sjóvangur hinn mikli“		Sjóvangur => líklega flóð?		Gottskálksannáll
30	6	1304	Daginn eftir Pétursmessu að sumri (Pétursmessa og Páls er 29. júní)	0	3	4	við Hornstrandir	Skipatjón og mannskaðar í stormi				Lögmannsannáll
8	9	1316	Maríumessa hin síðari	0	1	1	Eyrar	Flæddi inn í allar fremri búðir á Eyrum			PI & ÞE; F	Gottskálksannáll
7	9	1343	Næsta dag fyrir Maríumessu hina síðari	0	1	1	Eyrar og Grindavík	Flæddi upp um allar búðir á Eyrum og skip ásamt mannskap fórust.			PI & ÞE; F	Skálholtsannáll
21	1	1345	Agnesarmessa	0	1			Mikið landbrot og það flæddi í hús.			PI & ÞE	Gottskálksannáll
23/24	10	1365	Veturnætur (tveir síðustu sólarhringar fyrir fyrsta vetrardag). Fyrsti	2	3	2	Syðra. Álftanes, Hvaleyri.	Stórflóð. Landbrot, húsabrot.		Atburðurinn er flokkaður sem flóð í annál PI & ÞE. Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Í	PI & ÞE	Setbergsannáll

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Þekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
			vetrardagur var 25. október 1365.							Annálar 1400-1800 er talað um að þetta munu munnmælasagnir vera, ársettar af handahófi. Einnig er bent á að engin tíðindi eru í Fitjaannál frá þessu ári.		
		1403	Haust	7	4	1	Eyrarbakki	Stórflóð		Atburðurinn er flokkaður sem flóð í annál PI & ÞE. Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Í Annálar 1400-1800 er þess getið að fyrir þessu finnist engar heimildir.	PI & ÞE	Setbergsannáll
		1410		9	3	1?, 2	Sunnanlands	Mikið flóð. Landbrot, húsabrot.		Atburðurinn er flokkaður sem flóð í annál PI & ÞE. Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Í Annálar 1400-1800 er bent á að atburðirnir sem ritað er um á þessu ári séu einnig undir 1365. Að því eru leiddar líkur að atburðurinn sé ársettur eftir ágiskun eftir munnmælasögnum.	PI & ÞE	Setbergsannáll
		1425/ 1428	Heimildum ber ekki saman um ártal	a	2	2	Víða. A.m.k. á Akranesi	Sjávargangur. Skipatjón.		Sjávargangur => flóð? Þeim ber ekki saman um ártal, Oddverjaannáll skráir þetta 1425 en Nýi annáll 1428.		Oddverjaannáll, Nýi annáll
		1540	Haust	7	3	1, 2, 9?	Syðra og víðar	Stórflóð. Tók hús og hjalla.		Atburðurinn er flokkaður sem flóð í annál PI & ÞE. Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Erfitt að ákvarða hvar flóðið var - af malid.is; syðra: fyrir sunnan, á Suðurlandi, oft átt við Reykjavík eingöngu.	PI & ÞE	Setbergsannáll
		1591		9	3			Saltslepja á jörð eftir storm		Mögulega kom saltslepjan í sjávarflóði?		Annalium in Islandia farrago

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
		1594		9	3			„Í þessum sömu stormum var brimgangur ógurlegur“		Mögulega varð flóð í þessum mikla brimgangi?	PI & ÞE	Skarðsárannáll
29	9	1599	Um Mikaelmessu (29. september)	0	2			„Sjóargangur svo mikill, að ei hefur í manna minni slíkur verið“.		Sennilega hefur orðið flóð í þessum mikla sjávangangi.		Ballarárannáll
		1610		9	1	9	Hornafjörður og beggja vegna hans	Skaðalaust. Mikill fisk- og selreki.	Hornafjarðarflóð		PI & ÞE	Íslensk annálabrot Gísla biskups Oddssonar
		1613		9	2			„Veðurátta stormasöm með sjóargangi“ (Skarðsárannáll) „Önnr missiri var vedrátt stormasöm með síafargangi, enn hlutasamt um Sudrnes“ (Árbækur Espólíns)		Sjóargangur => flóð?	PI & ÞE	Skarðsárannáll, Árbækur Espólíns
14	1	1621		0	3	1?, 2	Suður- og Suðvesturland (PI & ÞE)	Stormur og stórflóð. Skipabrot.		Óvíst hvort spásvæði 9. Finn ekki bréfabókina eða hvað stóð þar á netinu. Þessa er einnig getið í Suðurnesjaannál (sjá lýsingu). Stormur, ekki endilega flóð. Skv. PI & ÞE (líklega úr bréfabókinni) var stormur og stórflóð	PI & ÞE	Bréfabók Gísla biskups Oddssonar, Suðurnesjaannáll, Skarðsárannáll, Árbækur Espólíns
		1627		9	3					Skv. PI & ÞE var flóð. Ég finn ekkert um flóð í Skarðsárannál. Þeir gætu átt við annan atburðanna sem getið er um í lýsingunni en þeir dagsetja ekki atburðinn svo mögulega eiga þeir við eitthvað annað. Engin lýsing fylgir færslu þeirra.	PI & ÞE	Skarðsárannáll
29	12	1630	Fimmta í jólum	0	1	1, 2	Suðvesturland	Stormur og sjávangangur. Skipabrot, tún og hey skemmdust, fé fórst. Trjáreki.			PI & ÞE	Sjávarborgarannáll
		1631		9	3	2, 3	Í kring um Brimnesvelli vestra (líklega	Stormur keyrði fé á sjó út		Mögulega fylgdi þessum stormum flóð? Mögulega tveir atburðir m.v. vindáttarlýsingar?		Skarðsárannáll

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
							Brimilsvellir í dag) og Mýrar					
4	12	1640		0	2	1, 2, 3, 4, 5, 6 ??	a.m.k. Norðurland og Suðurnes	Mikill stormur, mörg skip brotnuðu bæði norðan lands og sunnan.		Það stendur ekki beint að komið hafi sjávarflóð en af lýsingunum að dæma er líklegt að það hafi fylgt veðrinu. PI & ÞE tiltaka atburðinn í annál sínum. Talað er um Norðurland og Suðurnes. Sennilega hefur þetta átt við spásvæði 1-6 að miklu leyti en spurning hvar hefur flætt.	PI & ÞE	Skarðsárannáll
		1641	Haust	7	2	3	Sveitirnar í Ballará	Sjávangangur slíkur að fólk hafði ekki um áður upplifað þvílíkan		Líklega flóð m.v. lýsingu		Ballaráannáll
4	12	1644	Fitjaannáll: 4. des	0	1	1?, 2, 3	Vestur- og Suðvesturland og Suðurnes	Sjávangangur, flóð og fyllingar. Tjón á skipum, sjóbúðum, túnum, hjöllum og húsum.			PI & ÞE	Seiluannáll, Fitjaannáll, Suðurnesjaannáll, Árbækur Espólíns
		1645		9	1	5, 6	Norðurland	Fádæma sjávangangur. Landbrot.			PI & ÞE	Sjávarborgarannáll
22	1	1652		0	3			Mikið flóð. Skaðaveður.		Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur og því óvíst hvort að um raunverulegan atburð er að ræða. Finn ekkert um þetta annars staðar.	PI & ÞE	Setbergsannáll
29	2	1652		0	1	1	Eyjafjöll	Hægviðri. Skaðaflóð. Skipabrot.		Setbergsannáll er af sumum talinn óáreiðanlegur en þessa atburðar er einnig getið bæði í Fitjaannál og Árbókum Espólíns. Annálunum virðist bera vel saman en í þeirri útgáfu sem ég fann af Árbókum Espólíns á netinu er hins vegar talað um þennan atburð sem snjóflóð.	PI & ÞE	Setbergsannáll, Fitjaannáll, Árbækur Espólíns
2	1	1653	Um jól. Daginn eftir áttadag (áttadagur = nýársdagur =>2. janúar)	0	1	1	Í öllum stöðum fyrir austan	Stórflóð. Skip, tún, hús og varningur sköðuðust. Búpeningur og maður flóð fórust.	Háeyrarflóð		PI & ÞE; F	Vatnsfjarðarannáll elzti, Sjávarborgar-

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
							Reykjanes Suðurland.					annáll, Seiluannáll, Fitjaannáll, Árbækur Espólíns, Annáll Magnúsar Magnússonar
11	3	1654		0	1	1	Autsan Reykjaness	Landsunnanstormur. Tún spilltust.				Sjávarborgarannáll, Árbækur Espólíns
		1655	Vor	7	2	5	Drangey	Skipskaðar við Drangey. Sjávangangur olli mönnum sem björguðu sér í Drangey vandræðum.		Hér er sjávangangi við Drangey lýst sem olli mönnum vandræðum. Mögulega fylgdi veðrinu flóð?		Seiluannáll, Árbækur Espólíns
	12	1684	Á jólaföstu (= aðventu. Aðfangadagur var á miðvikudegi => 1. í aðventu 30. nóv => var líklegast í desember)	6	2	2	Akranes og Kjalarnes	Skip tók út af sjávangangi		Sjóvangangur => flóð?		Kjósarannáll
22/23	10	1685	Um veturnáttaskeið (Veturnætur: tveir síðustu sólarhringar fyrir fyrsta vetrardag). Fyrsti vetrardagur var 24. október 1685.	2	1	5, 6	Norðurland	Skip brotnuðu í Skagafirði og 20 ára byrgðir af rekaviði flutu burt á Tjörnesi. Braut sjóbúðir og hjalla.				Kjósarannáll, Mælifellsannáll, Eyrarannáll, Árbækur Espólíns
3	5	1688	Á Krossmessu um vorið	0	3	4	Þingeyri	36 smáhvali rak á land í brimi og norðanviðri		Á erfitt með að ímynda mér að svo mikill hvalreki sé án þess að það sé flóð? Þó gæti það verið tóm vitleysa í mér... Í veðrinu urðu ýmsir aðrir skaðar...		Árbækur Espólíns
7	10	1695		0	1	1, 2, 9?	Syðra	Flæður. Tún, jarðir og skip spilltust.		Flóð? ÞE & ÞE eru með þennan atburð í annál sínum.	ÞE & ÞE	Grímsstaðaannáll
14	7	1699		0	2	1	Grindavík	Ofsaveður með brimi og sjávangangi		Brim og sjávangangur => flóð? Einnig er minnst á þennan skipskaða í Fitjaannál og Grímsstaðaannál, en þar eru engar skýringar á honum gefnar.		Vallaannáll

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
8	1	1706		0	3	1, 2, 6	Suðurland og Akranesi að austan, sunnan, fyrir Jökli og norðanlands.	Mikill stormur, mörg skip brotnuðu bæði norðan lands og sunnan. Einnig brotnuðu kirkjur fyrir norðan og hús og skaði varð á heyi.		Af lýsingunum að dæma var þetta mikið veður en ekkert sérstakt gefur til kynna að um sjávarflóð hafi verið að ræða annað en líkur á lágum loftþrýstingi og öldugangi. PI & ÞE eru með þennan atburð í sjávarflóðaannál sínum.	PI & ÞE	Hestsannáll, Fitjaannáll, Annáll Páls Vídalíns lögmanns, Mælifellsannáll, Vallaannáll, Grímsstaðaannáll, Árbækur Espólíns
		1714	Um veturinn (sennilega snemma á árinu...)	9	1			Braut víða skip og hjalla og af túnun á mörgum stöðum				Viðauki Fitjaannáls
9	6	1717	Miðvikudag hinn næsta eftir fardaga (fardagar: hefjast á fimmtudeginum á tímabilinu 31. maí - 6 júní og standa til sunnudags) Fardagar hófust fimmtudaginn 3. júní 1717 svo miðvikudagurinn eftir þá var 9. júní.	0	2	5	Hofsós	Skipskaðar		Sjávangangur => flóð? Í árbókum Espólíns er talað um að Höfðaskipið hafi farist á miðvikudegi fyrir fardaga en hann er sennilega að hafa eftir öðrum. Vallaannáll er samtímaheimild eftir 1701 og skrifuð í Svarfaðardal. Því er Vallaannáll talinn áreiðanlegri.		Vallaannáll
11	5	1721	Gosið virðist hafa hafist 11.maí, sp. hvenær hlaupið varð.	1	1	1	Vestmannaeyjar, Hjörleifshöfði, Álftaver	Kötlugos. Miklir ísjakar ollu sjávarflóði.				Hrafnagilsannáll
17	4	1722		0	3	2	Snæfellsnes	Skip fórst í fjúki og stórsjó		Stórsjór => flóð?		Mælifellsannáll
18-19	10	1723	Veðrin stóðu í viku. Ásamtdagsetningunum er tekið fram að þetta hafi verið um veturnætur	0	1	3, 4, 5, 6 ??	Fyrir norðan og vestan	Stormveður með ógnarbrimi. Tók út og braut skip. Fjártjón. Veðrin stóðu í viku.			PI & ÞE	Sjávarborgarannáll, Árbækur Espólíns
2	2	1726	Á kyndilmessuafтан (kyndilmessa er 2. feb)	0	2	2	Einarslón og Skipaskagi nefnd	Skipskaðar				Hítardalsannáll

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
	10/11	1726	Um allraheilagramessuleyti (allraheilagramessa er 1. nóvember)	5	2			Mikið veður, óvenjulegt af dimmu, hvassleika og sjávangi				Desjarmýrarannáll
24	4	1727	Á sumardaginn fyrsta, hann var 24. apríl 1727	0	1	1, 2	Líklega Faxaflói og mögulega Suðurland líka	Þvílíkt stórfloð og sjávangur að menn mundu ekki annað eins		Annálsritarinn er úr Hítardal og því er talið að flóðið hafi verið þar. Talað er um útsynning og rennir það stöðum undir það. Mögulega hefur þetta einnig átt við um Suðurland (spásvæði 1), hann tekur meira að segja fram að veðrið hafi einnig verið að sunnan.	PI & ÞE	Hítardalsannáll
20	1	1730	Hvammsannáll talar um 30. janúar en dagsetning Hítardalsannáls verður tekin trúanlegri þar sem sá annálaritari hefur upplifað atburðinn en hinn sennilega aðeins heyrt af honum fréttir.	0	1	2	Borgarfjörður	Stórkostlegt sjávarflóð. Hús, hjallar og skip brotnuðu og tún, engi, eyjar og lendingar spilltust	Breiðafjarðarflóð	Breiðafjarðarflóð skv. PI & ÞE, hef sjálf ekki fundið heimildir þess efnis.	PI & ÞE	Hítardalsannáll, Hvammsannáll, Árbækur Espólíns
22	2	1733		0	2	1	Suðurland	Skipbrot af veðri og sjógangi		Sjógangur => flóð?		Hítardalsannáll
12	12	1734		0	1	4, 5, 6	Í þeim plássum sem lágu mót norðri og norðvestri	Hvatskeytlegt áhlaupaveður af norðri með kafaldsfjúki. Miklir skaðar af því skip, hús og hjallar og tún og lendingar spilltust af miklu sjávarflóði í plássum sem liggja móti norðri og útnorðri.		Víðar er þetta veður nefnt í annálum þann 12. desember eða þriðja í aðventu en ekki er getið sérstaklega um sjávarflóð í þeim er ég skoðaði. Því er atburðurinn skráður 12. des.		Hítardalsannáll, Höskuldsstaðannáll, Djáknaannálar
9	3	1738		0	2	2	Snæfellsnes; Dritvík, Hellisvellir, Hjallasandur nefnd	Skipaskaðar í brimi og sjávangi		Brim og sjóargangur => flóð?		Hvammsannáll
4	10	1739		0	2	2, 3	Snæfellsnes	Skipaskaðar af stórbrimi og sjávangi		Hann bjó á Snæfellsnesi og tiltekur staði á Snæfellsnesi þar sem urðu skipaskaðar og því er flóðið skráð á þennan hátt.	PI & ÞE	Grímsstaðannáll, Árbækur Espólíns

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Þekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
		1739	Síðar um haustið	6	1	2, 3	Snæfellsnes	Sjávargangur og brim. Bar grjót og sand upp á tún sem voru nálægt sjónum.		Þetta kemur í kjölfarið og á þá við um sama svæði.		Grímsstaðaannáll
	12	1740	Með inngangi Desemberis => snemma í des	5	3	5, 6	Norður með sjávarsíðunni	Stórbrim tók út skip og braut hluta af þeim		Stórbrim. Fylgdi því mögulega flóð?		Höskuldsstaðaannáll
		1746		9	4	1, 2	Sunnan- og suðvestanlands	Voðaflóð		Úr annál PI & ÞE. Finn ekkert um sjávarflóð í Íslands árbók.	PI & ÞE	Íslands árbók
	2/3	1747	Í góu (febrúar/mars)	6	3	1, 2	Reykjanes og víðar	Mikill sjógangur, tók út nokkur skip		Sjógangur => flóð?		Djáknaannálar
	2	1749	Í sömu viku (og það sem gerðist 14.feb)	4	3	2	Snæfellsnes	Sjórinn tók allt féð á Grímsstöðum		Sjórinn tók féð. Hraktist féð þangað og fórst vegna veðurs eða var sjávarflóð sem spilaði þarna eitthvað hlutverk?		Grímsstaðaannáll
	17	2	1749	0	3	2	Snæfellsnes	Skiptapi í norðan stórbrimi		Norðan stórbrim - fylgdi því flóð?		Grímsstaðaannáll
	9	1753	Skömmu fyrir Mikaelsmessu (Mikaelsmessa var 29. september)	5	1	2, 3	Snæfellsnes og víða annars staðar	Skaðabrim og stórfæði. Brotnuðu skip og menn misstu hey í sjóinn af flæðingjum.				Grímsstaðaannáll, Ölfusvatnsannáll
	2	5	1754	0	1	2, 3	Snæfellsnes og víðar	Skaðabrim og sjávargangur. Skipskaðar. Sjórinn gekk yfir ≥20 faðma háa kletta. Tjöld tók út ásamt búnaði, tveir sem í þeim voru drukknuðu, 2 komust lemstraðir lífs af.			PI & ÞE	Grímsstaðaannáll, Vatnsfjarðarannáll yngri
	2/3	1758	Á góu (febrúar/mars)	6	2	1, 9	Rangárvalla- og Skaftafells-sýslur	Skip brotnuðu af stórkostlegum sjávargangi				Djáknaannálar
	2	1763	Febrúar	6	3	1, 5, 6	Norðurland og Eyjafjöllum	Veður mikið. Löskuðust kirkjur, reif hey en spillti skipum.		Af lýsingunum að dæma var þetta mikið veður en ekkert sérstakt gefur til kynna að um sjávarflóð hafi verið að ræða annað en líkur á lágum loftþrýstingi og öldugangi. PI & ÞE eru með þennan atburð í sjávarflóðaannál sínum.	PI & ÞE	Árbækur Espólíns

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Þekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
6	11	1763	Sunnudaginn eftir allraheilagramessu	0	2	3	Sauðlauksdalur	Yfirmáta mikill sjógangur, skipskaðar og fé fórst.				Bréf uppskrifað í Andvara 2/1875 - skrifað í Sauðlauksdal 1. desember 1763
18	10	1766		0	1	1, 2, 3	Syðra og vestra, Snæfellsnes	Stórviðri og sjávangur. Sjórinn gekk 10 álna flóð 10 föðmum lengra á land en elstu menn mundu (6-10 álnum skv. PI & ÞE (Djáknaannálum?)). Mörg skip brotnuðu og einn maður lést.	10 álna flóð séð þess getið.		PI & ÞE; F	Húnavetnskur annáll, Höskuldsstaðannáll, Íslands árbók, Vatnsfjarðarannáll yngsti, Árbækur Espólíns, Djáknaannálar, Bréf uppskrifað í Andvara 2/1875 - skrifað í Reykholti 1. sept. 1767
30	12	1769		0	2	2	Stafnes	Ofviðri og stórflóð. Upp úr Stokkavörum gekk sjór inn í allar sjóbúðir		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa Rauðskinnu IX-X Stafnes - Starnes - í Gullbringusýslu bls 5-77.	PI & ÞE	Opinber bréf
1	3	1770		0	2	2	Stafnes	Stórflóð. Bóndi einn stóð í sjó nærri í geirvörtur innan við baðstofudyr		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa Rauðskinnu IX-X Stafnes - Starnes - í Gullbringusýslu bls 5-77.	PI & ÞE	Opinber bréf
28/29	9	1772	Um Michaelsmessu (29. sept.) (Húnavetnskur) 28. sept (Djáknaannáll)	1	1	1, 2, 3, 4, 5, 6	Norðurland, Vestfirðir, Vesturland, Suðurland	Sjóarólga og brimgangur, sjávaryfirgangur í mesta lagi. Braut víða fjörur og kamba, fjöldi skipa brotnaði víða um land.			PI & ÞE	Djáknaannálar, Húnavetnskur annáll, Höskuldsstaðannáll, Íslands árbók
	10	1772	Október	6	1	5	Drangey, Siglunes	Stórviðri og óvenjubrim. Gekk yfir Drangey og yfir um mitt Siglunes. Bátar brotnuðu.			PI & ÞE	Djáknaannálar, Íslands árbók, Ketilsstaðannáll

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Þekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
	11	1772	Höskulsstaðaannáll: Miður desember. Í Íslands annál er talað um sama veður í lok nóvember, í Húnavetnskum annál viku fyrir jólaföstu (lok nóv) og Espihólsannáll og Ketilsstaðaannáll tala líka um það í nóvember. Djáknaannálar dagsetja það 20. nóvember. Því er atburðurinn skráður í lok nóvember en fær þó rúman óvissustuðul.	6	3	6	Höfðahverfi	Óvenjulegur brimgangur. Skipskaðar.		Flóð í þessum óvenjulega brimgangi?		Höskulsstaðaannáll
	9	1773	September	6	2	5	Fljót	Stórbrim og sjávarólga. Brim braut hærra upp á bakka en árið áður í Fljótum og fiskur gekk inn í firðina.				Höskulsstaðaannáll, Djáknaannálar
6	1	1775		0	2	2	Hvalsnes og Útskálar	Stórflóð. Skemmdir á jörðum og útgerð.		Úr annál PI & ÞE. Suðurnesjaannáll er að hluta prentaður í Rauðskinnu III e. Jón Thorarensen. Í heimildaskrá tala þeir um Rauðskinnu IX-X Stafnes - Starnes - Í Gullbringusýslu bls 5-77.	PI & ÞE	Rauðskinna (Suðurnesjaannáll)
2	2	1775		0	2	2	Hvalsnes og Útskálar	Stórflóð. Skemmdir á jörðum og útgerð.		Úr annál PI & ÞE. Suðurnesjaannáll er að hluta prentaður í Rauðskinnu III e. Jón Thorarensen. Í heimildaskrá tala þeir um Rauðskinnu IX-X Stafnes - Starnes - Í Gullbringusýslu bls 5-77.	PI & ÞE	Rauðskinna (Suðurnesjaannáll)
3	2	1779		0	1	2	Norðanvert Reykjanes að Leiruvogi (amk.) Bæirtaldir upp sem voru á Vatnsleysuströnd,	Sjávargangur. Landbrot, sandi og grjóti skolað upp á tún. Fiskihallar brotnuðu.		Hef nútímavætt stafsetningu en annars er þetta upp úr bréfunum. Lýsingunum ber þó að taka með fyrirvara, sumt gæti hafa verið gamalt tjón eða ýkjur, enda þarna verið að lýsa skaða til þess að fá leigu- og landsskulaafslátt hjá kónginum.	PI & ÞE	Opinberar skýrslur (í GP)

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
							Álftanesi, Seltjarnarnesi og við Varmá					
17	2	1779	Öskudagur. Hann var 17. febrúar 1779.	0	1	1, 2	Stokkseyri til Akraness	Stórflóð á Eyrarbakka. Stóra-Hraun varð umflotið og fiskur fannst í kálgarði ofan við húsið. Margar jarðir skemmdust. Skipskaðar.	Öskudagsflóð	Flóðið náði frá stokkseyri til Akraness skv. PI & ÞE. Hef sjálf ekki heimildir fyrir útbreiðslunni.	PI & ÞE; F	Djáknaannálar, Árbækur Espólíns
		1779	Haust	7	1	5, 6	Frá Skaga að Langanesi	Sjór gekk yfir Siglunes og braut fiskihjalla og olli fleiri skemmdum. Mörg skip brotnuðu í spón	Haustflóð	Skv. PI & ÞE var flóðið kallað Haustflóð. Hef sjálf ekki séð þess getið.	PI & ÞE	Espihólsannáll, Ketilsstaðaannáll, Árbækur Espólíns
		1784	Vetur	8	2	1	Eyrarbakki	Sjógangur og flóð. Landbrot.		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa í Sögu Eyrarbakka, sp hver frumheimildin er.	PI & ÞE	
23	9	1786	Dagsetningin er úr dagbók Sveins Pálssonar. PI & ÞE hafa ekki dags. Sp hvort sama flóð?	0	1	1?, 2	Amk í Viðey. Líklega á Eyrarbakka líka því heimildin er í Sögu Eyrarbakka - sé hér verið að tala um sama flóðið... => set 1 og 2	Í Viðey var stekrviðri og brim og fé flæddi.		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa í óprentuð réttarskjöl fyrir árið 1786 sem Vigfús Guðmundsson, höfundur Sögu Eyrarbakka, vísar í. Færsla í dagbók Sveins Pálssonar gæti alvegýtt undir þetta, sp um dags...	PI & ÞE	Dagbækur Sveins Pálssonar
18	1	1787		0	2	1	Eyrarbakki	Flóð. Flaut umhverfis búðirnar. Landbrot.		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa í bréf kaupmanns sem Vigfús Guðmundsson, höfundur Sögu Eyrarbakka, vísar í. F vísar í sömu heimild fyrir þessa atburði.	PI & ÞE; F	
10	3	1787		0	2	1	Eyrarbakki	Flóð. Flaut umhverfis búðirnar. Landbrot.		Úr annál PI & ÞE. Þeir vísa í bréf kaupmanns sem Vigfús Guðmundsson, höfundur Sögu Eyrarbakka, vísar í. F vísar í sömu heimild fyrir þessa atburði.	PI & ÞE; F	

D	M	Á	Aths. dags.	Óvissa dags.	Vafi (1-4)	Spásvæði (1-9)	Staðs.	Stutt lýsing	Pekkt sem	Athugasemd	Getið í öðrum annálum	Frumheimild
